

Minnisblað

Til: Umhverfis- og framkvæmdanefnd
Frá: Ralf Trylla
Dags. 17. ágúst 2017
Mnr. 2017080024



ÍSAFJARÐARBÆR

Stefnumótun fyrir tjaldsvæði í Ísafjarðarbæ

Núverandi staða reksturs tjaldsvæða í sveitarfélaginu:

- Dynjandi - rekstri hætt 2015 - ekkert tjaldsvæði lengur
- Þingeyri - rekið í gegnum íþróttahús á Þingeyri
- Korpudalur í Önundarfirði- rekstur í höndum einkaaðila
- Flateyri - í eign Ísafjarðarbæjar og leigt út til rekstraraðila
- Ísafirði Tungudalur - í eign Ísafjarðarbæjar og leigt út til rekstraraðila
- Ísafirði Menntaskóli - rekstur í höndum einkaaðila
- Ísafirði Suðurtangi - rekstur í höndum einkaaðila

Tjaldsvæðið á Þingeyri er eina tjaldsvæðið sem eftir er, sem er rekið beint af Ísafjarðarbæ. Uppbygging í Tungudal er háð fjarmagni sem Ísafjarðarbær ákveður að setja í reksturinn hvert ár og ljóst er að rekstraraðili fer varlega í uppbyggingu á meðan tjaldsvæði er aðeins leigt út í 3 ár í senn. Mikil tækifæri felast í tjaldsvæðum sveitafélaga en á meðan sum eru rekin í gegnum sveitafélag og önnur eru í einkaeign verður erfiðara að ákveða hvert fjarmagnið á að fara. Ísafjarðarbæ vantar stefnu fyrir tjaldsvæði sem eru enn í eigu sveitarfélags svo að ákvarðanir varðandi í hvaða formi framtíðar rekstraform eigi að vera.

Framtíð tjaldsvæða í eigu sveitarfélagsins gæti vera eftirfarandi:

Ísafjarðarbær selur tjaldsvæðin til einkaaðila.

Ísafjarðarbær leigir út svæði gegn ákveðnu gjaldi hvert ár.

Ísafjarðarbær gerir uppbyggingarsamninga viðaðila sem reka tjaldsvæði.

Ísafjarðarbær sér sjálfur um rekstur tjaldsvæða.